



Alþingi - nefndasvið

Umsögn Reykjavíkurborgar um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurlugvallar, 311. mál

Á fundi borgarráðs þann 19. mars 2020 var lögð fram umsögn borgarlögmans, dags. 18. mars 2020, um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurlugvallar, 311. mál, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti umsögnina
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Eins og skýrt kemur fram í umsögn borgarlögmans felur þingsályktunartillagan í sér að löggjafinn taki skipulagsvaldið af sveitarfélaginu. Skipulagsvaldið er hluti af stjórnarskrárvörðum sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga sem sveitarstjórn hlýtur að vilja standa vörð um. Að auki er erfitt að sjá hvernig umrædd tillaga samrýmist nýgerðum sáttmála um samgöngur á höfuðborgarsvæðinu sem víðtæk pólitísk sátt hefur verið um.

Áheymarfulltrúi Miðflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Á síðasta löggjafarþingi var sambærileg tillaga lögð til en hlaut hún ekki brautargengi. Þá bárust Alþingi 21 umsögn um málið og einungis Reykjavíkurborg lýsti sig mótfallna tillögunni. Nú telur Reykjavíkurborg með öllu óþarft að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurlugvallar á grundvelli samkomulags ríkisins og borgarinnar þar til verður fullkannað hvort einhver grundvöllur verði fyrir nýjum flugvelli í Hvassahrauni. Ekki vill nú betur til en svo að stjórn samgöngu- og umhverfisnefndar Alþingis sá sig knúna til að senda erindi til borgarstjóra til að hnykkja á skilningi samkomulagsins og lýsti yfir miklum áhyggjum um að samkomulagið haldi ekki því í greinargerð með frumvarpi að fjárhagsáætlun Reykjavíkur til 2024 er gert ráð fyrir nýju íbúðahverfi í Skerjafirði sem hefur áhrif á athafnasvæði flugvallarins og vísað er í breytingu á deiliskipulagi Nauthólsvíkur. Í samkomulaginu lýsti Reykjavík yfir vilja sínum til þess að tryggja nauðsynlegar breytingar á aðalskipulagi. Síðan var óskað eftir að borgarstjóri staðfesti sameiginlegan skilning hans og ráðherra um að flugvöllurinn verði tryggður í Vatnsmýrinni. Miklar áhyggjur nefndarinnar eru fullkomlega réttmætar og ljóst er að ekkert traust ríkir í garð borgarstjóra um að samkomulagið haldi. Reykjavíkurborg

leggst eindregið gegn því að þjóðaratkvæðagreiðsla um flugvöllinn í Vatnsmýrinni verði haldin.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Hjálagt:
Úmsögn borgarlögmans, dags. 18. mars 2020



Reykjavíkurborg

Borgarlögmaður

Reykjavík, 18. mars 2020

R20020288

175

ES

Alþingi - nefndasvið
Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Umsögn Reykjavíkurborgar um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurlugvallar, 311. mál

Með erindi, dags. 27. febrúar 2020, sendi umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis Reykjavíkurborg til umsagnar tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurlugvallar, 311. mál. Reykjavíkurborg var veittur frestur til að skila umsögn til 19. mars 2020.

Borgarlögmanni og skrifstofu sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar var falið að gera umsögn um málið, en Reykjavíkurborg gerir verulegar athugasemdir við þá tillögu til þingsályktunar sem fyrir liggur og leggst alfarið gegn því að hún verði samþykkt.

Hér á eftir fylgir umsögn Reykjavíkurborgar.

Um tillögu til þingsályktunar og greinargerð

Með umræddri tillögu til þingsályktunar er lagt til að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um það um hvort flugvöllur og miðstöð innanlands- og sjúkraflugs skuli vera áfram í Vatnsmýrinni í Reykjavík uns annar jafngóður eða betri kostur er tilbúinn til notkunar. Um er að ræða efnislega sömu tillögu til þingsályktunar og lögð var fram á síðasta ári á Alþingi, þ.e. á 149. löggjafarþingi 2018-2019 (86. mál). Reykjavíkurborg sendi hjálagða umsögn, dags. 27. mars 2019, um þá tillögu, en öll þau sjónarmið sem þar eru rakin eiga eðli málsins samkvæmt einnig við um þá tillögu til þingsályktunar sem hér er til umfjöllunar.

Greinargerð sem fylgir tillögunni er einnig efnislega áþekk þeirri greinargerð er fylgdi fyrrnefndri tillögu til þingsályktunar sem lögð var fram á síðsta löggjafarþingi 2018-2019. Þó er að finna nokkur nýmæli í greinargerðinni sem Reykjavíkurborg telur vert að fjalla um, auk þess að gera grein fyrir efni samkomulags íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar, dags. 28. nóvember 2019, um rannsóknir á möguleikum á byggingu nýs flugvallar í Hvassahrauni.

Þannig er nú í greinargerð með tillögu til þingsályktunar vísað til þess að í samgönguáætlun fyrir árin 2019-2033, sem samþykkt var með ályktun Alþingis nr. 11/149, sé miðað við að Reykjavíkurlugvöllur geti áfram þjónað innanlandsflugi á fullnægjandi hátt á meðan annar jafn góður eða betri kostur sé ekki fyrir hendi. Jafnframt kemur fram í niðurlagi greinargerðarinnar að við meðferð málsins á síðasta löggjafarþingi hafi borist 21 umsögn um málið og að einungis Reykjavíkurborg hafi lýst sig mótfallna tillögunni.

Í kjölfar samþykktar samgönguáætlunar fyrir árin 2019-2033, gerðu íslenska ríkið og Reykjavíkurborg með sér hjálagt samkomulag, dags. 28. nóvember 2019, um rannsóknir á möguleikum á byggingu nýs flugvallar í Hvassahrauni. Í 2. gr. samkomulagsins er kveðið á um þær rannsóknir sem talið er nauðsynlegt að gera til að unnt verði að leggja mat á möguleika á byggingu nýs flugvallar í Hvassahrauni. Í 1. mgr. 5. gr. samkomulagsins er síðan mælt fyrir um að aðilar séu sammála um að stefnt skuli að því að flytja núverandi flugstarfsemi af Reykjavíkurlflugvelli yfir á nýjan flugvöll í Hvassahrauni reynist það vera vænlegur kostur og fyrir liggi niðurstaða um fjármögnun hans. Þá kemur fram í ákvæði 2. mgr. 5. gr. samkomulagsins að aðilar séu sammála um að tryggja rekstraröryggi Reykjavíkurlflugvallar á meðan á undirbúningi og gerð nýs flugvallar stendur og að miðað verði við að sá flugvöllur geti áfram þjónað innanlandsflugi með fullnægjandi hætti þar til nýr flugvöllur verður tilbúinn til notkunar. Ákvæði 3. mgr. 5. gr. samkomulagsins mælir fyrir um vilja Reykjavíkurborgar til að gera nauðsynlegar breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins í samræmi við fyrrnefnda 2. mgr. og þá kveður 4. mgr. ákvæðisins á um að ef til flutnings Reykjavíkurlflugvallar komi skuldbindi samningsaðilar sig til að þess að ganga til frekari samninga um útfærslu og nánari tímasetningu flutnings. Loks er mælt fyrir um það í 5. mgr. 2. gr. að ef niðurstöður rannsókna samkvæmt 2. gr. samkomulagsins leiða það í ljós að flugvöllur í Hvassahrauni reynist ekki vera vænlegur kostur, þá muni samningsaðilar taka upp viðræður um málið að nýju.

Í ljósi efnis þessa samkomulags og með vísan til þess að niðurstöður rannsókna sem gert er ráð fyrir að farið verði í á grundvelli 2. gr. samkomulagsins liggja ekki fyrir, telur Reykjavíkurborg með öllu óþarft að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurlflugvallar. Þeir aðilar sem hlut eiga að máli, þ.e. eigendur landsins, íslenska ríkið og Reykjavíkurborg, sem jafnframt er handhafi skipulagsvalds á flugvallarsvæðinu, hafa með samkomulaginu þegar sammælt um hvernig fara skuli með og skipa málefnum flugvallarins næstu árin, en ráðgert er að verkefni samkomulagsins verði lokið fyrir árslok 2024, sbr. 2. gr. þess.

Aukinheldur liggur fyrir að um langa hríð hefur það verið stefna Reykjavíkurborgar, þ. á m. í skipulagsáætlunum sínum, að Reykjavíkurlflugvöllur skuli víkja úr Vatnsmýrinni. Þá hefur Reykjavíkurborg átt í viðræðum og samráði við íslenska ríkið og aðra hagsmunaaðila vegna framtíðar flugvallarins sem lyktað hefur með samningum um framtíð flugvallarins, þ. á m. þeim samningum sem getið er um í hjálagðri umsögn Reykjavíkurborgar, dags. 27. mars 2019, um fyrri þingsályktunartillögu um málið, og í samkomulagi því frá 28. nóvember 2019 sem vitnað er til hér að framan. Þá er jafnframt ljóst að Reykjavíkurborg hefur skipulagsvald yfir Reykjavíkurlflugvelli, samkvæmt ákvæðum laga nr. 123/2010, og að skipulagsvald er meðal helstu hornsteina stjórnarskrárverndaðs sjálfstjórnarréttar sveitarfélaga skv. 78. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, sbr. lög nr. 33/1944. Þjóðaratkvæðagreiðslu sem ætlað er að fjalla um framtíð landnotkunar innan marka sveitarfélags felur í sér verulegt inngríp í skipulagsvald viðkomandi sveitarfélags, jafnvel þótt slík atkvæðagreiðsla yrði einungis ráðgefandi. Þá verður að telja að þjóðaratkvæðagreiðsla sé ekki heillavænleg leið til að leiða til lykta jafn flóknu máli og á við um staðarval innanlandsflugvallar.

Með vísan til þessa telur Reykjavíkurborg að ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla geti hvorki þjónað þeim tilgangi sem getið er um í greinargerð sem fylgir tillögunni, né að til staðar sé þörf á því að efna til slíkrar atkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurlflugvallar sem tillagan mælir fyrir um. Þá liggur fyrir að með því að efna til ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurlflugvallar verður ekki komist hjá efnidum á samningsskuldbindingum um

málefni Reykjavíkurlflugvallar sem þegar hefur verið stofnað til af hálfu íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg leggst því eindregið gegn því að tillagan verði samþykkt með vísan til þess sem hér greinir að framan.

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar,



Ebba Schram
borgarlögmaður

Hjálagt:

1. Umsögn Reykjavíkurborgar um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurlflugvallar, dags. 27. mars 2019.
2. Samkomulag um rannsóknir á möguleikum á byggingu nýs flugvallar í Hvassahrauni, dags. 28. nóvember 2019.



Reykjavík, 27. mars 2019

R19030045

175

Alþingi - nefndasvið
skrifstofu Alþingis, nefndasviði
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Reykjavíkurborgar um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurflogvallar, 86. mál

Með erindi, dags. 6. mars 2019, sendi umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis Reykjavíkurborg til umsagnar tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurflogvallar, 86. mál. Reykjavíkurborg var veittur frestur til að skila umsögn til 20. mars 2019. Með erindi 19. mars sl. var veittur frekari frestur til að skila umsögn vegna málsins eða til og með 28. mars 2019.

Reykjavíkurborg gerir verulegar athugasemdir við þá tillögu til þingsályktunar sem fyrir liggur og leggst alfarið gegn því að hún verði samþykkt.

Hér á eftir fylgir umsögn Reykjavíkurborgar.

Um tillögu til þingsályktunar og greinargerð

Með fyrrgreindri tillögu til þingsályktunar er lagt til að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um það um hvort flugvöllur og miðstöð innanlands- og sjúkraflugs skuli áfram vera í Vatnsmýrinni í Reykjavík uns annar jafngóður eða betri kostur er tilbúinn til notkunar.

Í greinargerð sem fylgir tillögunni segir, meðal annars, að markmið tillögunnar sé að þjóðin fái tækifæri til þess að segja hug sinn um framtíð Reykjavíkurflogvallar og hafa áhrif á það hvar miðstöð innanlands- og sjúkraflugs verði í fyrirsjáanlegri framtíð, m.a. með tilliti til þjóðhagslegra hagsmuna. Í greinargerðinni eru tíunduð ýmis atriði um mikilvægi Reykjavíkurflogvallar sem samgöngumiðstöðvar og að ekki sé einhugur um framtíðarstaðsetningu flugvallarins og hlutverks hans sem samgöngumiðstöðvar til framtíðar. Þá er vísað til þess að samkvæmt gildandi Aðalskipulagi Reykjavíkur skuli flugvöllurinn víkja frá árinu 2022 og að samkvæmt gildandi samgönguáætlun Alþingis fyrir árin 2011–2022 sé ráð fyrir því að flugvöllur verði í Reykjavík til ársins 2022. Því er svo haldið fram í greinargerðinni að talið sé afar brýnt að þjóðin fái tækifæri til þess að segja hug sinn varðandi umrætt málefni og hafa þannig áhrif á endanlega niðurstöðu málsins sem gæti m.a. falist í tilfærslu á skipulagslegu ákvörðunarvaldi með lögum að teknu tilliti til mikilvægra almannahagsmuna. Að síðustu segir í greinargerðinni að þjóðaratkvæðagreiðsla samkvæmt tillögunni verði ráðgefangandi og um framkvæmd hennar færi eftir lögum nr. 91/2010 um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna.

Stjórnarskrárbundinn sjálfstjórnarréttur sveitarfélaga og skipulagsvald

Skipulagsvald er einn af helstu hornsteinum stjórnarskrárvarins sjálfstjórnarréttar sveitarfélaga sbr. ákvæði 78. gr. stjórnarskrár og ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og eru því afskiptum löggjafans og stjórnvalda af málum og ákvörðunum sveitarfélaga settar stjórnskipulegar skorður.

Á liðnum áratuginn hefur löggjafinn markað skipulagsmálum þann farveg að færa ákvarðanatöku nær þeim sem málið varðar, gera vinnuferli gagnsærra og auka aðgengi almennings og annarra hagsmunaaðila að upplýsingum og þátttöku í stefnumótun sveitarfélaga í skipulagsmálum. Ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 byggja á þessum megin sjónarmiðum og tryggja almennungi við meðferð skipulagsáætlana lögbundinn rétt til þess að koma sjónarmiðum og röksemdum sínum að þegar skipulagsáætlanir eru til meðferðar.

Skipulagsáætlanir og samningar við ríkið um framtíð Reykjavíkurflugvallar

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, sem tók gildi þann 20. desember 2002 með birtingu í B- deild Stjórnartíðinda, var kveðið á um að Reykjavíkurflugvöllur skyldi víkja í áföngum á skipulagstímabilinu. Var það meðal annars í samræmi við niðurstöðu almennrar atkvæðagreiðslu íbúa Reykjavíkur um framtíð Reykjavíkurflugvallar sem fór fram þann 17. mars 2001. Þá var með bókun borgarstjóra og samgönguráðherra vegna Reykjavíkurflugvallar sem gerð var þann 14. júní 1999 og minnisblaði dags. 11. febrúar 2005, gert ráð fyrir því að snertilendingar í æfinga- og kennsluflugi á Reykjavíkurflugvelli flyttust á nýjan flugvöll í nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Þá var með sérstöku samkomulagi Reykjavíkurborgar og ríkisins, sem undirritað var þann 25. október 2013, meðal annars, kveðið á um að innanríkisráðuneytið og Isavia ohf., skyldu hafa forgöngu um að kennslu- og æfingaflugi yrði fundinn nýr staður í nágrenni borgarinnar í samræmi við áður gefin fyrirheit vegna endurbyggingar Reykjavíkurflugvallar um síðustu aldamót og skyldi stefnt að því að framkvæmdir væru hafnar eins og fljótt og verða mætti. Í sama samkomulagi var jafnframt kveðið á um að svokölluð NA/SV flugbraut Reykjavíkurflugvallar yrði lögð niður og var sú túlkun staðfest með dómi Hæstaréttar í máli nr. 268/2016.

Þann 25. október 2013 var enn fremur gert samkomulag milli ríkisins, Reykjavíkurborgar og Icelandair Group hf., um innanlandsflug. Var meðal annars kveðið á um það í samkomulaginu að Reykjavíkurborg hefði fallist á að gera þá breytingu á tillögu að aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, sem þá var meðferðar, að norður- suður flugbraut Reykjavíkurflugvallar yrði áfram tryggður sess í aðalskipulagi til ársins 2022, í stað ársins 2016 eins og þáverandi tillaga að aðalskipulagi gerði ráð fyrir. Var tillögu að Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, sem þá var til lögbundinnar meðferðar, breytt til samræmis við efni samkomulagsins. Að síðustu kvað samkomulagið á um að hver aðili að samkomulaginu skyldi tilnefna fulltrúa í stýrihóp til þess að kanna flugvallakosti á höfuðborgarsvæðinu. Skilaði stýrihópurinn niðurstöðu sinni í júní 2015 um slíka flugvallakosti.

Í gildandi Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010- 2030, sem tók gildi þann 26. febrúar 2014 með birtingu í B- deild Stjórnartíðinda, er áfram kveðið á um að Reykjavíkurflugvöllur skyldi víkja á skipulagstímabilinu. Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, sem tók gildi þann 14. júlí 2015 með auglýsingu B- deild Stjórnartíðinda, er kveðið á að sama skapi um það að Reykjavíkurflugvöllur skuli víkja í áföngum.

Tillagan gengur gegn skipulagsvaldi og stjórnarskrárvörðum sjálfstjórnarrétti Reykjavíkurborgar

Af öllu framansögðu leiðir að um langa hríð hefur það verið stefna Reykjavíkurborgar, þ. á m. í skipulagsáætlunum sínum, að Reykjavíkurflugvöllur skyldi víkja úr Vatnsmýrinni. Þá hefur Reykjavíkurborg átt í viðræðum og samráði við ríki og aðra hagsmunaaðila vegna framtíðar flugvallarins sem lyktað hefur með samningum um framtíð flugvallarins þ. á m. samkvæmt því sem rakið hefur verið að framan. Þá er jafnframt ljóst að Reykjavíkurborg hefur skipulagsvald yfir Reykjavíkurflugvelli, samkvæmt ákvæðum laga nr. 160/2010, og að skipulagsvald er meðal helstu hornsteina stjórnarskrárvendaðs sjálfstjórnarréttar sveitarfélaga skv. 78. gr. stjórnarskrá, eins og framan er rakið.

Ekkert samráð hefur verið haft við Reykjavíkurborg um undirbúning eða útfærslu þingsályktunartillögunnar og ekki er vitað til þess að haft hafi verið samráð við Akureyrarbæ eða hagsmunaaðila í sjúkraflugi um þá ráðagerð að flytja miðstöð sjúkraflugs frá Akureyri til Reykjavíkur, líkt og tillagan felur í sér.

Að mati Reykjavíkurborgar gengur sú þjóðaratkvæðagreiðsla, sem ráð er fyrir gert samkvæmt tillögu til þingsályktunar, gegn öllum þeim meginsjónarmiðum sem gilda um sjálfstjórnarrétt og skipulagsvald sveitarfélaga og þá þeirri stefnu sem Reykjavíkurborg hefur markað um Reykjavíkurflugvöll í skipulagsáætlunum. Þá bendir Reykjavíkurborg á að niðurstaða slíkrar ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu getur hvorki bundið Reykjavíkurborg né haggð gildi lögmætra skipulagsáætlana þeirra sem gilda um Reykjavíkurflugvöll eða samninga sem gerðir hafa verið um framtíð flugvallarins.

Í greinargerð með tillögu til þingsályktunar er þjóðaratkvæðagreiðsla um Reykjavíkurflugvöll rökstudd, eins og greinir að framan, með vísan til þess að niðurstöður atkvæðagreiðslunnar geti orðið grundvöllur þess að svipta Reykjavíkurborg skipulagsvaldi yfir Reykjavíkurflugvelli með sérstakri lagasetningu. Af því verður dregin sú ályktun að megintilgangur tillögunnar sé sá að fá fram niðurstöðu í þjóðaratkvæðagreiðslu er nýta megi í framhaldinu sem forsendu fyrir því að svipta Reykjavíkurborg skipulagsvaldi yfir flugvellinum.

Hvað þessi rök varðar fæst ekki séð að löggjafinn geti einhliða samþykkt lög sem kveða á um verulega skerðingu á stjórnarskrárvörðum sjálfstjórnarrétti Reykjavíkurborgar með vísan til niðurstöðu ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu. Þá gengi slík lagasetning, sem beint væri gagnert gegn tiltekinni skipulagsáætlun sveitarfélags, í berhögg við meginreglu 78. gr. stjórnarskrár og væri að síðustu í andstöðu við hina óskráðu meginreglu stjórnskipunar um meðalhóf.

Með vísan til þessa telur Reykjavíkurborg að þjóðaratkvæðagreiðslan geti hvorki þjónað fyrrnefndum tilgangi samkvæmt greinargerð sem fylgir tillögunni, né að til staðar sé nokkur þörf til þess að efna til þeirrar ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurflugvallar sem tillagan mælir fyrir um.

Reykjavíkurborg leggst því eindregið gegn því að tillagan verði samþykkt með vísan til þess sem hér greinir að framan.

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Ari Karlsson', written in a cursive style.

Ari Karlsson
staðgengill borgarlögmans

Samkomulag

um rannsóknir á möguleikum á byggingu nýs flugvallar í Hvassahrauni

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, f.h. íslenska ríkisins, og Reykjavíkurborg (hér eftir aðilar) munu eiga samstarf á grundvelli samkomulags þessa um rannsóknir á möguleikum á byggingu nýs flugvallar í Hvassahrauni með það að markmiði að fullkanna kosti á því að reisa og reka þar flugvöll til að gegna hlutverki varaflugvallar, innanlandsflugvallar og flugvallar fyrir æfinga-, kennslu- og einkaflug (hér eftir verkefnið).

1. gr.

Verkefnið verður unnið á grunni niðurstaðna skýrslu nefndar undir forystu Eyjólfss Árna Rafnssonar um greiningu valkosta um framtíðarskipan flugvallarmála á SV-horni landsins, sem skilaði skýrslu sinni í nóvember 2019, en byggir jafnframt á vinnu fyrri nefnda um flugvallarmál á höfuðborgarsvæðinu og eftir atvikum á þeim athugunum sem Icelandair Group hefur látið vinna á mögulegu flugvallarstæði í Hvassahrauni.

2. gr.

Miðað er við að verkefninu verði lokið fyrir árslok 2024 í samræmi við eftirfarandi:

Á fyrstu tveimur árum verkefnisins verði unnar eftirfarandi rannsóknir sem nauðsynlegar eru til að hægt sé að leggja mat á frekara framhald þess:

- Framkvæmdar nauðsynlegar veðurrannsóknir og flugprófanir.
- Framkvæmdar nauðsynlegar rannsóknir á vatnsvernd og öðrum umhverfisþáttum.
- Greindir möguleikar og kostnaður við greiðar landsamgöngur við annars vegar miðborg Reykjavíkur og hins vegar Keflavíkurflugvöll.
- Greind áhrif þess á eftirfarandi flugstarfsemi ef hún yrði færð af Reykjavíkurflugvelli yfir á nýjan flugvöll í Hvassahrauni:
 - Áætlunarflug innanlands.
 - Sjúkra- og björgunarflug.
 - Varaflugvöllur fyrir Keflavíkurflugvöll.
 - Atvinnuflug tengt ferðamönnum.
 - Kennslu-, æfinga- og einkaflug.
- Greindur áætlaður nýtingarstuðull¹ flugvallar í Hvassahrauni í samanburði við þá flugvelli sem fyrir eru á SV-horninu.
- Lagt mat á hve mikið land myndi þurfa að leggja undir flugvöll í Hvassahrauni, það staðsett og kannaðir möguleikar á uppbyggingu þar.

Telji aðilar að fengnum niðurstöðum rannsókna skv. 2. mgr. að þær gefi tilefni til að halda áfram undirbúningi flugvallar í Hvassahrauni verður hafist handa við þau frekari verkefni sem nauðsynleg eru svo hægt verði fyrir lok árs 2024 að taka ákvörðun um hvort af byggingu flugvallarins verði. Meðal þeirra eru:

- Unnin drög að hönnun flugvallar í Hvassahrauni.
- Unnin drög að nauðsynlegum skipulagsáætlunum í samvinnu við viðkomandi sveitarfélög.

¹ Hlutfall daga sem áætlað er að flugvöllurinn verði opin á ársgrundvelli.

- c. Unnin drög að umhverfismati flugvallar.
- d. Unnin ítarleg stofnkostnaðar-, framkvæmda- og rekstraráætlun fyrir nýjan flugvöll.

3. gr.

Aðilar munu hvor um sig leggja 100 m.kr. til fjármögnunar þeirra nauðsynlegu rannsókna sem gerðar verða á næstu tveimur árum í samræmi við 2. mgr. 2. gr. samkomulagsins.

Telji aðilar að fengnum niðurstöðum rannsókna samkvæmt 2. mgr. 2. gr. samkomulags þessa rétt að halda áfram undirbúningi flugvallar í Hvassahrauni, sbr. frekari verkefni sem talin eru upp í 3. mgr. 2. gr. samkomulags þessa, lýsa aðilar því yfir að þeir muni gera með sér samkomulag um skiptingu kostnaðar vegna þeirra verkefna.

4. gr.

Skipaður verður starfshópur sem mun bera ábyrgð á nánari útfærslu og framkvæmd fyrri hluta verkefnisins, sbr. 2. mgr. 2. gr. samkomulagsins. Starfshópurinn verður skipaður sex fulltrúum, tveimur frá hvorum aðila og tveimur frá sveitarfélögum á Suðurnesjum, þar af annar frá Sveitarfélaginu Vogum. Sérstakur verkefnisstjóri verður ráðinn til að vinna með hópnum og móta tíma- og verkáætlun. Fulltrúar hagsmunaaðila verða kallaðir til eftir því sem þörf krefur.

Starfshópurinn skal skila aðilum skýrslu sinni um niðurstöður rannsókna skv. 2. mgr. 2. gr. samkomulagsins fyrir lok árs 2021. Aðilar munu að fengnum þeim niðurstöðum taka ákvörðun um framhald verkefnisins, sbr. 3. mgr. 2. gr. samkomulags þessa.

5. gr.

Aðilar eru sammála um að stefnt skuli að því að flytja núverandi flugstarfsemi af Reykjavíkflugvelli yfir á nýjan flugvöll í Hvassahrauni, reynist það vera vænlegur kostur og fyrir liggja niðurstæða um fjármögnun hans.

Aðilar eru sammála um að tryggt verði rekstraröryggi á Reykjavíkflugvelli á meðan undirbúningi og gerð nýs flugvallar stendur, þar með talið eðlilegt viðhald og endurnýjun mannvirkja í samræmi við ákvæði gildandi samgönguáætlunar Alþingis. Miðað verði við að Reykjavíkflugvöllur geti áfram þjónað innanlandsflugi á fullnægjandi hátt þar til að nýr flugvöllur er tilbúinn til notkunar.

Reykjavíkurborg lýsir yfir vilja sínum til þess að tryggja nauðsynlegar breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur í samræmi við 2. mgr. 5. gr. samkomulags þessa.

Ef til flutnings Reykjavíkflugvallar kemur skuldbinda aðilar sig til þess að ganga til frekari samninga um útfærslu þess og nánari tímasetningu, sbr. fyrirvara í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.

Ef flugvöllur í Hvassahrauni reynist ekki vænlegur kostur að rannsóknum loknum skv. 2. gr. taki aðilar upp viðræður um málið að nýju.

6. gr.

Samkomulag þetta viku ekki til hliðar samkomulagi innanríkisráðherra og borgarstjóra frá 25. október 2013 um að ráðuneytið og Isavia ohf. hafi forgöngu um að kennslu- og einkaflugi verði fundinn nýr staður í nágrenni borgarinnar.

Reykjavík, 28. nóvember 2019

F.h. íslenska ríkisins,
með fyrirvara um samþykki ríkisstjórnar Íslands



Sigurður Ingi Jóhannsson
samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

F.h. Reykjavíkurborgar,
með fyrirvara um samþykki borgarráðs



Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri